

Erindisbréf vinnuhóps um endurgerð yfirborðs knattspyrnuvallar við Garðarsveg.

Stjórnskipuleg staða

Vinnuhópur um endurgerð yfirborðs knattspyrnuvallar við Garðarsveg heyrir undir bæjarráð. Vinnuhópnur er ætlað að vinna að, í samstarfi við bæjaryfirvöld, að því að leita leiða til að fullfjármagna verkefnið og taka afstöðu til hvort að hægt sé að hefjast handa við það nú árið 2018.

Skipun vinnuhópsins

Í vinnuhópnum eiga sæti 5 fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs, þar af einn nefndarmaður úr velferðarnefnd. Hætti fulltrúi í vinnuhópnum kýs bæjarstjórn annan í hans stað. Starfstími vinnuhópsins er eitt ár frá skipun hans eða þar til að hann hefur skilað af sér tilskildum verkefnum. Íþróttafulltrúi situr fundi hópsins og þá geta kjörnir fulltrúar og aðrir sem að verkefninu koma, eftir því sem við á hverju sinni sé eftir því óskað, setið fundi vinnuhópsins. Bæjarstjóri á rétt á setu á fundum vinnuhópsins.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann vinnuhópsins en vinnuhópurinn kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Hlutverk vinnuhóps um endurgerð yfirborðs knattspyrnuvallar við Garðarsveg eru:

- að kanna hvort hægt sé að hefjast handa við verkefnið á árinu 2018 í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar frá 23. júní 2018 og ef svo er undirbúa þær framkvæmdir í samstarfi við bæjarráð.
- að hafa umsjón með og leita leiða í samráði við kaupstaðinn til að fullfjármagna verkefnið.
- að upplýsa bæjarráð, að lágmarki árfjórðungslega, um stöðu verkefnisins.

Starfshættir

Um starfshætti vinnuhóps um endurgerð yfirborðs knattspyrnuvallar við Garðarsveg skal fylgt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og öðrum samþykktum og reglum eftir því sem við á.

Vinnuhópurinn kemur saman fyrir luktum dýrum eftir því sem þurfa þykir og hæfir verkefnum hans.

Vinnuhópurinn skal halda gerðabók sbr. ákvæði í samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni, og afgreiðslu vinnuhópsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðir skulu afhentar skrifstofu Seyðisfjarðarkaupstaðar og lagðar fyrir velferðarnefnd / bæjarráð.

Formaður vinnuhópsins sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eða eru boðaðir, eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum vinnuhópsins í samræmi við samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Eftirfylgni

Formaður og fulltrúar vinnuhópsins skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni ákvarðana vinnuhópsins.

Gildistaka

Erindisbréf þetta tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 25. júlí 2018.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 25. júlí 2018.